

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Sveinsstaðir L125058, deiliskipulagsbreyting – Íb329.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu norðvestast á lóð Sveinsstaða. Stærð byggingarreits er 12 x 15 m. Heimilt er að byggja allt að 150 m², hámarksvegghæð er 3,6 m og hámarksmanishæð er 5,0 m. Nýtingarhlutfall er 0,14.

Grenndarstöð við Vefarastræti, deiliskipulagsbreyting – Íb302.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér að heimila staðsetningu á nýrri grenndarstöð á auðu torgsvæði fyrir framan hús nr. 1-5 við Vefarastræti.

Skarhólabraut 30, deiliskipulagsbreyting – Os415.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér að lóðinni er hliðrað til vegna aðstæðna í landi. Stærð lóðar er óbreytt og byggingarheimildir þær sömu. Við bætast í skipulagið ný framtíðar bílastæði á aðliggjandi landi.

Miðdalur, L226500, nýtt deiliskipulag – F530 og F543.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns á 5,5 ha landi. Heimilt er að skipta landinu upp í tíu frístundahúsalóðir þar sem heimilt verður að reisa tíu frístundahús, allt að 130 m² að stærð, í samræmi við aðalskipulag.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 21. desember 2023,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. desember 2023